

SVAR VIÐ FYRIRSPURN**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um börn sem hefur verið hafnað um skólavist í Klettaskóla og Brúarskóla**

Á fundi borgarráðs, 21. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Óskað er eftir upplýsingum frá skóla- og frístundasviði um þau börn sem hafa sótt um í Klettaskóla og Brúarskóla vegna skólaársins 2023 og 2024 og ekki fengið skólavist þar. Óskað er upplýsinga einnig vegna skólaársins 2021 og 2022. Beðið er um upplýsingar um fjölda, lögheimilissveitarfélag, helstu ástæður synjunar. Hvernig er þjónustuþörfum barna með mikla þjónustuþyngd mætt í hverfis-skóla ef um er að ræða börn með lögheimili í Reykjavík? Hver er munurinn kostnaðarlega séð að veita barni þjónustu í Klettaskóla, Brúarskóla samanborið við að veita sérþjónustuna í heimaskóla?

Svar:**Klettaskóli**

Engum umsækjenda í Klettaskóla sem uppfylltu skilyrði reglna var synjað þau skólaár sem sem spurt er um, skólaárin 2021-2022 og 2023-2024.

Nemendafjöldi 2021 – 2022 var 117

Sveitarfélag	Fjöldi
Garðabær	8
Hafnarfjörður	15
Kópavogur	15
Mosfellsbær	7
Reykjavík	68
Seltjarnarnes	3
Skorradalshreppur	1
Samtals	117



Nemendafjöldi 2023 – 2024 var 132

Sveitarfélag	Fjöldi
Garðabær	7
Hafnarfjörður	18
Kópavogur	16
Mosfellsbær	9
Reykjavík	79
Seltjarnarnes	1
Skorradalshreppur	1
Vogar	1
Samtals	132

Brúarskóli

Engu barni sem uppfyllti skilyrði reglna var synjað skólaárin 2021-2022 og 2023-2024. Hins vegar geta börn þurft að bíða eftir plássi og er boðið þegar losnar.

Þau börn sem ekki komast inn í skólann fara á biðlista. Nemendur eru teknir inn jöfnum höndum allan veturinn þar sem um tímabundna skólavist er að ræða. Inntökuteymi fundar eins oft og þurfa þykir og þegar pláss losnar.

Skólaárið 2021 – 2022

Samanlagður fjöldi nemenda í Brúarskóla árið 2021 – 2022 voru 37 nemendur að meðtöldum nemendum sem héldu áfram í skólanum frá fyrra skólaári.

Sveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	30
Akranes	2
Seltjarnarnes	2
Mosfellsbær	3
Samtals	37



Skólaárið 2023 – 2024

Samanlagður fjöldi nemenda í Brúarskóla árið 2023 – 2024 voru 34 nemendur að meðtöldum nemendum sem héldu áfram í skólanum frá fyrra skólaári.

Sveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	29
Grindavík	1
Suðurnesjabær	1
Mosfellsbær	1
Akranes	2
Samtals	34

Þau börn sem þurfa að bíða njóta þjónustu frá skólaþjónustu hverfis sem geta verið hegðunarráðgjafar, kennsluráðgjafar, fötlunarráðgjafar eða farteymi, allt eftir eðli máls. Flest börn og fjölskyldur þeirra nýta sér samþættingu í takt við farsældarlöggjöfina.

Kostnaður

Meðalkostnaður á nemanda í Brúarskóla, Klettaskóla og almennum grunnskólum.

Fjárhæðir í þús. á ári		2022	2023
Brúarskóli			
Meðalkostnaður við nemanda		17.079	18.753
Fjöldi barna		35	35
Klettaskóli			
Meðalkostnaður við nemanda		15.599	16.486
Fjöldi barna		130	135
Grunnskólar Reykjavíkur			
Meðalkostnaður		2.230	2.369
Stuðningur	A	1.950	2.060
	B	3.004	3.172
	C	5.071	5.355
	D	10.142	10.710

Varðandi kostnað við nemendur í almennum grunnskólum er meðalgrunnkostnaður árið 2023 2.369.000 kr. og svo bætist við kostnaður í flokkum A-D miðað við stuðningsþörf nemenda.



Reykjavíkurborg

Hafa verður í huga að ekki er verið að bera saman kostnað við sambærilega þjónustu þegar borinn er saman meðalkostnaður við barn í t.d. Klettaskóla 16.486 þús. og barn í almenna skólakerfinu þ.e. 2.369 þús. á ári sem grunnskólabarn og 10.710 þús. sem viðbótarkostnaði vegna flokks D. Vantalinn er allur annar kostnaður við barnið í almenna grunnskólakerfinu s.s. öll sérfræðiráðgjöf sem felst í starfi talmeinafræðinga, iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara, sérkennara, þroskaþjálfara, atferlisþjálfara og félagsráðgjafa. Einnig er vantallinn kostnaður skólans við að koma upp aðstöðu til kennslu viðkomandi ef fötlun barns krefst aðlögunar og/eða breytinga á húsnæði eða lóð skólans.